



Veröld

hús Vigdísar

Vigdísarstofnun
alþjóðleg miðstöð tungumála
og menningar

Tungumál ljúka upp heimum
20. apríl 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Ávarp rektors

Í dag er hátíð í Háskóla Íslands. Við vígjum til notkunar nýtt og glæsilegt hús sem hlotið hefur heitið *Veröld - hús Vigdísar*. Í dag hleypum við einnig af stokkunum Vigdísarstofnun - alþjóðlegri miðstöð tungumála og menningar sem mun starfa undir merkjum UNESCO.

Veröld er einstakt hús í margvíslegum skilningi. Með því eignast hugvísindin við Háskóla Íslands glæsilegt aðsetur í hjarta háskólasvæðisins sem verður vettvangur kennslu, rannsókna og nýsköpunar á sviði erlendra tungumála. Í húsinu verður einnig starfrækt alþjóðleg tungumálamiðstöð og Vigdísarstofa þar sem gestir og gangandi geta fræðst í máli og myndum um líf og störf Vigdísar Finnbogadóttur. Hér verður allt til alls, frábær aðstaða fyrir starfsfólk, stúdenta og innlenda og erlenda gesti, fullkominn fyrirlestrasalur, kennslurými, nútímalegt bóka- og gagnasafn, aðstaða

fyrir sýningar, málþing og ráðstefnur, listaverk, veitingastofa og útitorg.

Arkitektum hússins hefur farist verk sitt afar vel úr hendi. Veröld er í senn margslungið byggingarlistaverk og tengir um leið saman hús sem fyrir eru á háskólalóðinni og gefur þeim nýtt hlutverk. Það er til marks um hugvitssemi hönnuðanna að þetta nýjasta hús Háskóla Íslands skuli jafnframt hefja það elsta, Loftskeytastöðina, sem verður 100 ára á næsta ári, til verðskuldaðs vegs og virðingar.

Heiti byggingarinnar er táknrænt því að *Veröld* er hús tungumálanna og tungumálin eru ein af stöðunum sem mynda hús heimsins.

Það er sæmdarauki fyrir Háskóla Íslands og íslensku þjóðina að mega tileinka þetta glæsilega hús Vigdísar Finnbogadóttur, fyrsta þjóðkjörna kvenforseta heims. Vigdís hefur alla tíð sýnt Háskóla Íslands einstakan stuðning og velvilja jafnframt því sem hún hefur verið vakin og sofin í hugsjónabaráttu sinni fyrir málstað tungumálanna. Það er til vitnis um þá virðingu sem hún nýtur að hún er sæmd heiðursdoktorsnafnbót frá tveimur deildum Háskóla Íslands, Verkfræðideild og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Fyrir hönd Háskóla Íslands færi ég öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg til að gera drauminn um þetta hús og starfsemi Vigdísarstofnunar að veruleika miklar þakkir. Það er einlæg ósk mín að *Veröld - hús Vigdísar* verði um aldur og ævi lifandi minnisvarði um hugsjónir Vigdísar Finnbogadóttur og Háskóla Íslands.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er rannsóknastofnun innan Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og vettvangur fræðimanna í Mála- og menningardeild sem stunda rannsóknir og kennslu í tengslum við þau erlendu tungumál sem eru kennd við Háskóla Íslands (arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, latínu, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku).

Stofnunin hóf starfsemi sína 1. október 2001, á evrópsku tungumálaári og þegar þess var minnst að 90 ár voru liðin frá stofnun Háskóla Íslands. Í

samþykkt þáverandi heimspekideildar um að tengja nafn Vigdísar Finnbogadóttur við stofnun í erlendum tungumálum segir að tilgangurinn sé að heiðra Vigdísi fyrir ötult starf hennar í þágu tungumála og styrkja rannsóknir og kennslu í erlendum málum og íslensku sem erlendu máli. Vigdís hafi lagt ríka áherslu á mikilvægi tungumálakunnáttu, jafnt erlendra mála sem móðurmálsins, og lagt drjúgan skerf til þess málaflokks í störfum sínum sem kennari, forseti Íslands og sem velgjörðarsendiherra tungumála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Með því að kenna stofnunina við Vigdísi Finnbogadóttur sýni heimspekideild hug sinn í





Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum: frá vinstri Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í ensku, Guðmundur S. Brynjólfsson, doktorsnemi, Geir Þ. Þórarinnsson, aðjunktur í grísku og latínu, Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku (formaður), Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku (varamaður) og Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku. Á myndina vantar Gísli Magnússon, lektor í dönsku, varamann í stjórn. Auður Hauksdóttir hefur verið forstöðumaður stofnunarinnar frá upphafi.

verki til merkilegs framlags hennar á þessu sviði og jafnframt yrði það stofnuninni mikil lyftistöng að tengjast nafni og störfum Vigdísar.

Strax í upphafi var mikil áhersla lögð á að efla fræðastarf Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur með því að hrinda af stað nýjum rannsókn- og þróunarverkefnum, auka útgáfu fræðiriti og miðla þekkingu um tungumál og menningu með ráðstefnu- og fyrirlestrahaldi. Fljótlega kom upp sú hugmynd að stofnunin fengi alþjóðlegt hlutverk á fræðasviði sínu. Því var ákveðið að efna til kynninga á stofnuninni erlendis og leita eftir sam-

starfi við erlenda háskóla um rannsóknir og nýsköpunarstarf. Kynningarnar hófust í Japan árið 2002 og í kjölfarið var stofnunin kynnt í Danmörku (2003), Þýskalandi (2004), Svíþjóð (2004), á Spáni (2005), í Noregi (2006) og Frakklandi (2008). Ársskýrslur með ítarlegum upplýsingum um starfsemina frá upphafi er að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.vigdis.hi.is.



Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar

Í röskan áratug hefur verið unnið að því ljóst og leynt að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð við Háskóla Íslands. Í þeirri vinnu hefur munað mest um liðveislu og stuðning Vigdísar Finnboga-dóttur, sem frá upphafi hefur lagt verkefninu ómetanlegt lið með störfum sínum.

Fyrir styrk úr hátíðarsjóði sænska seðlabankans (Riksbankens Jubileumsfond) var settur á laggirnar alþjóðlegur ráðgjafahópur á árinu 2008, sem hefur verið stjórninni til ráðuneytis um alþjóðlegu tungumálamiðstöðina. Hópurinn skipa:

Anju Saxena, prófessor við Uppsalaháskóla, Bernard Comrie, forstöðumaður málvísinda-deildar Max Planck stofnunarinnar í Leipzig, nú prófessor í málvísindum við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, og Peter Austin, prófessor við Lundúnaháskóla. Frekari styrkur frá sænska sjóðnum í lok árs 2014 gerði það mögulegt að fá til liðs þrjá aðra fræðimenn, en þeir eru: Anne Holmen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla og forstöðumaður Center for Internationalisering og Parallelsproglighed, Lars Borin, prófessor og forstöðumaður Språkbanken við Gautaborgarháskóla, og Henriette Walter, prófessor emerita við Univerisité de Haute-Bretagne og forstöðukona rannsóknastofu í hljóðfræði við Sorbonne-háskóla.

Á árinu 2009 leitaði menntamálaráðuneytið eftir því að alþjóðleg tungumálamiðstöð við Háskóla



Íslands hlyti vottun UNESCO sem stofnun í flokki II. Í kjölfarið sendi UNESCO matsmenn sína til Íslands til að fara yfir helstu atriði umsóknarinnar og leggja mat á starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Í byrjun árs 2011 var formleg umsókn menntamálaráðherra send til UNESCO og hlaut hún jákvæða

afgreiðslu í stjórn stofnunarinnar þá um vorið. Málið var endanlega í höfn þegar allsherjarráðstefna UNESCO samþykkti á fundi sínum hinn 4. nóvember 2011 að Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar yrði starfrækt undir merkjum UNESCO.

Markmið og hlutverk Vigdísarstofnunar

Í samningnum við UNESCO er kveðið á um markmið Vigdísarstofnunar en þau helstu eru að:

- stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða;
- auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþáttar í menningararfleifið mannkyns;
- stuðla að þýðingum og þýðingarannsóknum og athugunum og greiningu á þýðingafleifi;
- vinna að varðveislu tungumála og vöktun á málstefnu og málstýringu á sviði tungumála með fjöltyngi að leiðarljósi;
- stuðla að rannsóknum og menntun í erlendum tungumálum og menningu;
- styðja við og stuðla að rannsóknum á móðurmálum sem hluta af almennum mannréttindum.

Meginhlutverk Vigdísarstofnunar er því að vinna að varðveislu tungumála og hugsa upp og miðla á heimsvísu áætlunum og aðferðum til að styðja við tungumál í útrýmingarhættu með rannsóknum, ráðstefnum og útgáfu. Henni er ætlað a stuðla að framúrskarandi rannsóknum á sviði málstefnu og málpolitíkur og sýna hvernig viðhorf til móðurmáls og skýr málstefna getur aukið læsi og menntun. Þá er hlutverk hennar að þróa alþjóðlegan umræðuvettvang og stuðla að og miðla rannsóknum á tungumálum og menningu með því að styðja rannóknastöður fyrir framúrskarandi fræðimenn, m.a. frá þróunarlöndum. Loks er henni ætlað að koma upp tungumálasafni á netinu og með staðbundnum sýningum.

Starfsreglur fyrir Vigdísarstofnun voru samþykktar í stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum 19. nóvember 2012 og í stjórn Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands 27. nóvember sama ár.



Samningur íslenskra stjórnvalda og UNESCO um Vigdísarstofnun

Hinn 15. apríl 2013 undirritaði Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra samstarfs-samning milli íslenskra stjórnvalda og UNESCO um að Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungu-mála og menningar yrði starfrækt undir merkjum UNESCO. Þann 27. júní sama ár undirritaði Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, samninginn fyrir hönd sinnar stofnunar. Tæpu ári síðar sótti Irina Bokova Ísland heim í tengslum við alþjóðlegu máltækniráðstefnuna LREC og við það tækifæri flutti hún fyrirlestur við Háskóla Íslands. Í viðtölum við fjölmiðla lagði hún áherslu á þau miklu tækifæri sem fælust í Vigdísarstofnun og hve mikilvægu hlutverki henni væri ætlað að gegna á heimsvísu.



Stjórn og upphaf starfsemi Vigdísarstofnunar

Hinn 15. apríl árið 2014 skipaði þáverandi forseti Hugvísindasviðs, Ástráður Eysteinnsson, prófessor, Vigdísarstofnun stjórn til þriggja ára og í byrjun árs 2017 skipaði Guðmundur Hálfðanarson, núverandi forseti sviðsins, nýja stjórn í samræmi við starfsreglur Vigdísarstofnunar. Stjórnina skipa: Susanne Schnuttgen, yfirmaður menningarverndarstefnu hjá UNESCO (tilnefnd af UNESCO), Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknastjóri Hugvísindasviðs (tilnefndur af íslensku UNESCO-nefndinni), Guðrún Kvaran, prófessor emerita (tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðuneytinu), og þau Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku (formaður), Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í

frönsku, og Þórhallur Eypórsson, prófessor í ensku (öll tilnefnd af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum). Vinna stjórnar hefur einkum snúist um að undirbúa starfsemi Vigdísarstofnunar.

Ákveðið hefur verið að fyrstu árin verði vistfræði tungumála á Vestur-Norðurlöndum í brennidepli, þ.e. tengsl tungumála og menningar á vesturströnd Noregs, í Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi. Þegar hefur verið myndað alþjóðlegt teymi fræðimanna frá háskólanum í Nuuk, Málráði Grænlands, Háskólanum í Þrándheimi, Háskólanum í Bergen, Háskólanum í Osló, Kaupmannahafnarháskóla, Fróðskaparsetri Færeyja og Háskóla Íslands. Teymið hefur fengið styrk til starfseminnar frá Nordplus Sprog og Kultur.



SEBASTIAN DRUDE hefur verið ráðinn forstöðumaður Vígðísarstofnunar. Hann er með doktorspróf hið meira frá Goethe-Universität Frankfurt am Main og hefur gegnt rannsóknarstöðu við samburðarmálfræðistofnun Goethe-háskóla í Frankfurt. Hann hefur starfað sem vísindalegur verkefnastjóri hjá Max Planck stofnuninni og yfirmaður tungumálasafns sömu stofnunar, auk þess sem hann hefur unnið að evrópsku verkefni (CLARIN) á sviði málfræðirannsókna og stafrænnar tækni. Hann hóf störf 1. apríl 2017.

Rektor Háskóla Íslands, Jón Atli Benediktsson, og Vígðís Finnbogadóttir, velgjörðarsendiherra tungumála, hleypa starfsemi Vígðísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar formlega af stokkunum 20. apríl 2017.



Stuðningur við undirbúning Vigdísarstofnunar

Fjárhagslegur stuðningur nokkurra fyrirtækja hefur skipt sköpum fyrir undirbúning starfsemi Vigdísarstofnunar. Árið 2010 tilkynnti Valitor um styrk til undirbúnings Vigdísarstofnunar til þriggja ára og Arion banki styrkti stofnunina á árunum 2012–2015, sem og Íslandsbanki árið 2012. Í lok árs 2013 undirrituðu forsvarsmenn níu fyrirtækja samning til þriggja ára um fjárhagslegan styrk til að undirbúa starfsemi Vigdísarstofnunar. Kristín Ingólfssdóttir, rektor, undirritaði samninginn f.h. Háskóla Íslands. Fyrirtækin voru Íslandshótel, Landsbankinn, MP-banki, Promens og Reginn, ásamt Bláa Lóninu, Icelandair Group, Icelandic Group og olíufélaginu N1.

Í lok janúar 2016 undirrituðu forsvarsmenn ellefu fyrirtækja og Jón Atli Benediktsson, rektor, samninga um frekari stuðning til þriggja ára. Eins og fyrr er styrkjunum ætlað að standa straum af kostnaði við undirbúning Vigdísarstofnunar. Fyrirtækin eru Landsbankinn, Icelandair Group, Radisson Blu Hótel Saga, Arion banki, Alvogen, Bláa Lónið, Kvika, Reginn, Íslandsbanki, Íslandshótel og N1. Í byrjun árs 2017 gerði Icelandic Group samning um stuðning á því ári.

Stuðningur Jóns Atla Benediktssonar, rektors, árvekni hans og hvatning hefur skipt miklu máli fyrir framvindu verkefnisins.



Undirbúningur húss tungumálanna

Í upphafi afmælisráðstefnu til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur 15. apríl 2005 tilkynnti Páll Skúlason, þáverandi rektor Háskóla Íslands, að háskólaráð hefði á fundi sínum 7. apríl ákveðið að skipa fimm manna hóp til þess að vinna að undirbúningi byggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Hópin skipuðu Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, formaður, Ingjaldur Hannibalsson, prófessor, Inga Jóna Þórðardóttir, viðskiptafræðingur, Kristján Árnason, prófessor, og Þórður Sverrisson, forstjóri. Í erindisbréfi kemur fram að hópnum var ætlað að gera áætlun um þá starfsemi sem fara ætti fram í byggingunni, kanna rýmisþörf og gera kostnaðaráætlun fyrir bygginguna. Enn fremur var hópnum ætlað að kanna möguleika á fjármögnun byggingarinnar.

Mikil bjartsýni ríkti um verkefnið í kjölfar þessarar ákvörðunar og mikill þróttur var í starfseminni. Áformin nutu stuðnings Páls Skúlasonar, rektors, sem og Kristínar Ingólfssdóttur, eftir að hún tók við starfi rektors sumarið 2005. Á fundi sínum 26. júní 2006 samþykkti háskólaráð að Háskóli Íslands legði frá og með árinu 2008 fram til byggingar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur allt að 100 m.kr. á ári í þrjú ár, samtals 300 m.kr., gegn því að tvöfalt hærra mótframlag fengist frá öðrum fjármögnunar- og styrktaraðilum.

Sama ár veitti Institusjonin Fritt Ord í Noregi stofnuninni 10 m.kr. styrk, sem átti að verja til

undirbúnings alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni. Vatnaskil urðu í nóvember 2006, þegar Mærsk Mc-Kinney Møller, formaður stjórnar A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal í Danmörku, tilkynnti í bréfi til stofnunarinnar að sjóðurinn hefði ákveðið að styrkja tungumálamiðstöðina með framlagi að upphæð um fimm milljónir danskra króna. Þessi veglegi styrkur hafði gríðarlega mikla þýðingu fyrir framgang verkefnisins og í kjölfarið lýstu margir sig reiðubúna til að styrkja verkefnið.

Hrun bankanna á Íslandi árið 2008 gerbreytti öllum áformum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um sinn. Styrktaraðilar gátu ekki staðið við vilyrði um fjárstuðning og söfnunarfé tapaðist. Þrátt fyrir þessa ágjöf var ákveðið að láta ekki deigan síga heldur freista þess að ná settu marki. Í tengslum við stórafmæli Vigdísar í apríl 2010 var efnt til sérstaks átaks til að afla fjár til byggingarinnar. Þrátt fyrir erfiða tíma í kjölfar hrunsins tókst fádæma samstaða um verkefnið og glöggt kom í ljós að mörgum var umhugað um að heiðra Vigdísu á merkjum tímamótum og sjá draum hennar um alþjóðlega tungumálamiðstöð rætast. Margir lögðu hönd á plóg við fjáröflunina en mestu munaði þá, eins og svo oft síðar, um liðveislu Ásmundar Stefánssonar, fyrrverandi bankastjóra Landsbanka Íslands, og Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka. Einnig er í þessu sambandi vert að nefna Þorstein Pálsson, fv. ráðherra, og Steinþór Pálsson, fv. bankastjóra Landsbankans. Stærstu einstöku framlögin komu frá Spron sjóðnum (60 m.kr.), Landsbanka Íslands (50 m.kr.), Actavis (30 m.kr.), Icelandic Group (30 m.kr.) og Bjarna Ármannssyni og Helgu Sverrisdóttur (25 m.kr.), auk þess sem verulega munaði um

framlag færeyska lögbingsins og færeyskra fyrirtækja (hátt í 20 m.kr.). Framlög fjölda fyrirtækja, sjóða, félagasamtaka, einstaklinga og færeyska lögbingsins, ásamt vilyrði Reykjavíkurborgar í tengslum við afmæli Vigdísar 2010, færðu verkefnið nær settu marki. Þá renndi 200 m.kr. framlag ríkisstjórnar Íslands í byrjun árs 2011 enn frekari stoðum undir verkefnið.

Á fundi háskólaráðs 7. apríl 2011 var samþykkt til-laga Kristínar Ingólfssdóttur, rektors, um skipun byggingarnefndar fyrir væntanlega nýbyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, þar sem tækju sæti: Eiríkur Hilmarsson, lektor, formaður, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir, doktorsnemi, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnarsýslu Háskóla Íslands, Inga Jóna Þórðardóttir, viðskiptafræð-ingur, Ingjaldur Hannibalsson, prófessor, og Pétur Gunnarsson, rithöfundur.

Jafnframt starfaði Halldóra Vífilssdóttir, verkefnis-stjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, með nefnd-inni frá hausti 2011. Pétur Gunnarsson lét af nefndarstörfum vorið 2012 og skarð varð fyrir skildi þegar Ingjaldur Hannibalsson féll frá langt fyrir aldur fram haustið 2014, en hann hafði alla tíð verið einarður talsmaður kennslu erlendra tungu-mála og sérstakur velunnari Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Starfsmaður og ritari byggingar-nefndar hefur frá upphafi verið Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tækni-sviðs Háskóla Íslands. Valþór Sigurðsson aðstoð-aði við eftirlit fyrir hönd byggingarnefndar. Fyrsti fundur byggingarnefndar var haldinn 15. apríl 2011 og sá síðasti 10. janúar 2017. Alls urðu fundir bygg-ingarnefndar 52.





Hönnunarsamkeppni

Efnt var til opinnar samkeppni um hönnun tungu- mála- og menningarhúss í desember 2011. Áhugi á samkeppninni var mikill og alls bárust 43 tillögur frá 9 löndum. Dómnefnd skipuðu þau Inga Jóna Þórðardóttir, formaður, Auður Hauksdóttir, Ingjaldur Hannibalsson og arkitektarnir Helgi Mar Hallgrímsson og Halldór Gíslason. Halldóra Vífilsdóttir, verkefnisstjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, var ritari dómnefndar en starfsmaður dóm-

nefndar og tengiliður við Háskólann var Sigurlaug I. Lövdahl.

Niðurstöður hönnunarsamkeppninnar voru kunn- gjörðar 16. maí 2012. Að vinningstillöggunni stóðu arkitektarnir Kristján Garðarsson, Haraldur Örn Jónsson, Gunnlaugur Magnússon og Hjörtur Hannesson og starfa þeir nú undir merkjum arkitektastofunnar Andrúms arkitekta.

Í umsögn dómnefndar um verðlaunatillöguna segir meðal annars: „...helstu kostir tillögunnar eru ágæt tengsl við umhverfið og góð inn-

byrðis tengsl í byggingunni. Innri rými hverfast um opið miðrými sem tengir allar hæðir hússins og eru góð sjónræn tengsl milli hæða ...“

Á fundi háskólaráðs 6. mars 2014 var samþykkt að Háskóli Íslands ábyrgðist þann kostnað sem út af stæði við fjármögnun byggingarinnar en að áfram yrði reynt að afla þess fjár sem upp á vantaði. Hér skipti máli að skömmu fyrir fundinn staðfesti borgarráð að Reykjavíkurborg mundi greiða kostnað við torgið sunnanvert við bygginguna, alls röskar 90 m.kr. Á sumardaginn fyrsta það ár áttu Vigdís Finnbogadóttir og Auður Hauksdóttir fund með Ane Mærsk Mc-Kinney Ugbla, formanni stjórnar A.P. Møller og Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal, þar sem tækifæri gafst til að ræða stöðu mála. Í kjölfar fundarins tilkynnti hún bréflaga um frekari styrk sjóðsins við verkefnið að upphæð fimm milljónir danskra króna.

Með því fé sem safnast hafði, að viðbættu myndarlegu framlagi Háskóla Íslands gegnum Happprætti Háskóla Íslands, var hægt að hrinda verkefninu af stað. Að meðtöldu 200 m.kr. framlagi ríkisins námu frjáls framlög um 40% af heildarkostnaði.

Seint á haustmánuðum 2014 var lokið við alla hönnun og rýni á útboðsgögnum og var útboð auglýst þann 23. desember. Lægsta tilboðið í verkið átti Eykt ehf. og var í kjölfarið gengið til samninga við fyrirtækið um verklegar framkvæmdir. Guðbjartur Á. Ólafsson var skipaður byggingarstjóri og Gunnar Örn Steingrímsson og Hjörtur Björnsson önnuðust verkstjórn fyrir hönd Eyktar.







Merk tímamót

Fyrstu skóflustunguna að byggingunni tóku þau Vigdís Finnbogadóttir, Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra og Kristín Ingólfsdóttir, rektor, á alþjóðadegi kvenna hinn 8. mars 2015.

Jón Atli Benediktsson, rektor, og Vigdís Finnbogadóttir lögðu hornstein að byggingunni sunnudaginn 19. júní 2016.

Verklok urðu um miðjan mars 2017.

Rektor Háskóla Íslands, Jón Atli Benediktsson, og Vigdís Finnbogadóttur opna bygginguna formlega á sumardaginn fyrsta, 20. apríl 2017.

Hvað á húsið að heita?

Efnt var til samkeppni um heiti hússins og ýtti Guðmundur Hálfðanarson, forseti Hugvísindasviðs, henni úr vör við upphaf Hugvísindasviðs 10. mars 2017. Alls bárust hátt í 800 tillögur frá rúmlega 1.000 einstaklingum sem valnefnd fór yfir, en hana skipuðu Eiríkur Smári Sigurðarson frá Hugvísindasviði (formaður), Geir Þórarinn Þórarinsson, fulltrúi stjórnar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Guðrún Kvaran, fulltrúi Vigdísarstofnunar,

og Inga Jóna Þórðardóttir, fulltrúi rektors. Nefndin komst að einróma niðurstöðu um að byggingin skyldi heita *Veröld – hús Vigdísar* og hefur háskólaráð staðfest hana. Tvær tillögur bárust um nafnið *Veröld*, frá þeim Huldu Egilsdóttur og Sveini V. Ólafssyni. Tillaga um viðbótina, *hús Vigdísar*, áttu fimm einstaklingar, þau Ingunn Björnsdóttir, Jónína Hallgrímsdóttir, Kristín Helgadóttir Ísfeld, Sesselja Friðgeirsdóttir og Sigríður B. Guðjónsdóttir. Verðlaun voru veitt fyrir verðlaunatilögurnar.



Framlög til *Veraldar*

Háskóli Íslands gegnum Happpdrætti Háskóla Íslands.

Sjóðir: A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal í Danmörku, Spron sjóðurinn (til fyrirlestrasalar).

Ríkisstjórn Íslands.

Færeyska lögbingjó.

Sveitarfélög: Reykjavíkurborg, Tjörneshreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur.

Íslensk fyrirtæki: Landsbankinn, Actavis Group, Icelandic Group, Íslandsbanki, Alheims Auður (til Vigdísarstofu), Atlantsolía, Icelandair Group, Veritas Capital, Eimskip, Hótel Saga, P.S. Fasteignir ehf., Kaupfélag Skagfirðinga, Auður Capital, Íslandsstofa, Landslag, Ritmál ehf.

Erlendar stofnanir og fyrirtæki: KLP-bankinn í Noregi, Háskólinn í Bergen í Noregi, BERO/Eric De Rothschild Projet í Frakklandi, Nord-Trøndelag Elektrisitetsverk (NTE) í Noregi, Framherji í Færeyjum, Pf Føroya Banki í Færeyjum, Pf Atlantic Airways í Færeyjum, Smyril Line í Færeyjum, Pf Tryggingarfelagið Føroyar í Færeyjum, Sparebank 1 í Noregi, Es team AB í Berlín í Þýskalandi/Guðrún Magnúsdóttir, Icelandic Roots/Sunna Furstenau í Bandaríkjunum.

Innlend félög og samtök: Kennarasamband Íslands (til fyrirlestrasalar), Bandalag háskólamanna, Félag kvenna í atvinnurekstri, Íslensk-japanska félagið, Kvenréttindafélag Íslands, Rótarýklúbbur Kópavogs, Verkfræðingafélag Íslands, Félag þýskukennara, Alliance Française í Reykjavík, STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi.

Erlend félög og samtök: Læraförbundet í Svíþjóð, Utdanningsforbundet í Noregi, Hekla Club í Minnesota í Bandaríkjunum, OAJ – Undervisningssektors Fackorganisation í Finnlandi.

Einstaklingar: Bjarni Ármannsson og Helga Sverrisdóttir, Ingunn Wernersdóttir (til Vigdísarstofu), Ragnheiður Jóna Jónsdóttir (til Vigdísarstofu), Berta Bragadóttir og fjölskylda (til fyrirlestrasalar), Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Berglind Björk Jónsdóttir, Gunnar Snorri Gunnarsson, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Aþena Vigdís Eggertsdóttir, Ásta Sigríður Eggertsdóttir, Eva María Eggertsdóttir, Kristín Indriðadóttir, Anna G. Sverrisdóttir og Sigurjón Einarsson, Björk Guðmundsdóttir, Sigrún Blöndal, Auður Hauksdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Helga Tatjana Zharov, Peter Holbrook, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Stefania Magnúsdóttir, Svavar Gestsson, Þórhildur Oddsdóttir, Auður Torfadóttir, Berglind Inga Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Harpa Birgisdóttir, Hrönn Greipisdóttir, Ingjaldur Hannibalsson, Jón Atli Benediktsson, Kornelíus Sigmundsson, Kristín Aðalsteinsdóttir, Kristín Ingvarsdóttir, Kristjana Þórdís Jónsdóttir, Lilja Jóhannsdóttir, Magnús Snædal, Oddný G. Sverrisdóttir, Óli Hörður Þórðarson, Sigurður Halldór ..., Tómas Helgason, Tómas Helgason, Úlfar Bragason, Svanhildur Halldórsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Magnús Kristinsson, Birna Bjarnadóttir, Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, Arna Matthildur Eggertsdóttir, Arnbjörg Stefánsdóttir, Guðmundur Sigvaldason, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Hildur S. Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Gu..., Klemenz Guðmundsson, Kristbjörg Jónsdóttir, Pétur Þorleifsson, Sigbrúður Zophoníasdóttir, Sólrún Einarsdóttir, Theodóra Þorsteinsdóttir, Auður Anna Kristinsdóttir, Ásta Ósk Hlökkversdóttir, Birna G. Bjarnleifsdóttir, Guðmunda Lára Guðmundsdóttir, Katrín Sif Stefánsdóttir, Þórarinn Björnsson, Inga Bryndís Jónsdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir.

Enn fremur lögðu fram fé ónafngreindir og nokkur hundruð ópersónugreinanlegar greiðslur bærust í síma í söfnunarátaki.

Nánar: www.vigdis.hi.is

Tungumál ljúka upp heimum

í tilefni af vígslu Veraldar - húss Vigdísar
og opnun Vigdísarstofnunar
- alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar

Háskólabíó – Stóri salur – 20. apríl 2017

Háskólakórinn

Stjórnandi: **Gunnsteinn Ólafsson**

The Cloud-Capp'd Towers

Lag: Vaughan Williams. Ljóð: William Shakespeare úr Ofviðrinu

Nú vaknar þú mín þjóð

Lag: Gunnsteinn Ólafsson. Ljóð: Hallgrímur Helgason

Auður Hauksdóttir forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands

Auður Ava Ólafsdóttir forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands

Rigmor Dam mennta- og menningarmálaráðherra Færeyja

Brynhildur Guðjónsdóttir syngur, á sjö tungumálum, lög frá ýmsum menningarheimum ásamt **Esther Talíu Casey, Margréti Arnardóttur** og **Birgi Bragasyni**

O poštaris avel, sígaunalag, sungið á Romaní

El Feo, lag Zapoteca, sungið á spænsku og zapotec

Báidín Fheilimí, írskt þjóðlag sungið á írsku

Byssan lull, eftir Evert Taube, sungið á sænsku

Je sais comment, eftir: Robert Chauvigny & Julien Bouquet, sungð á frönsku

Padam Padam, lag: Norbert Glanzberg, ljóð: Henri Contet, sungið á frönsku

Youkali, lag: Kurt Weill, ljóð: Roger Fernay, sungið á katalónsku

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands

Irina Bokova framkvæmdastjóri UNESCO

Mònica Pereña forseti Linguapax International

Vigdís Finnbogadóttir velgjörðarsendiherra tungumála

Kvennakór Háskóla Íslands

Stjórnandi: **Margrét Bóasdóttir**

Píanóleikur: **Sólveig Anna Jónsdóttir**

Fjallið gægist út um þokuslæðuna - 山在虚无缥缈间

Lag: Huang Zi. Ljóð: Wei Hanzhang - 作词: 韦瀚章 -作曲: 黄自

Ásta (Ástkæra ylhýra málið)

Lag: Atli Heimir Sveinsson. Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Milli atriða verða fluttir textar úr bókinni

„**Tungumál ljúka upp heimum – Orð handa Vigdísí**“

– flytjendur **Birgitta Birgisdóttir, Björn Ingi Hilmarsson,**

Hjördís Anna Haraldsdóttir og Arnar Ægisson

Ástbjörg Rut Jónsdóttir túlkar söngljóð kóranna á táknmál og **Árný Guðmundsdóttir** ávörpin

Ljósmyndir og myndhönnun: **Vigfús Birgisson**

Grafísk hönnun: **Salbjörg R. Jónsdóttir**

Tæknistjórn: **Atli Már Sigurjónsson og Hlynur Friðriksson**

Að lokinni hátíðardagskráinni verður gengið að nýbyggingu Vigdísarstofnunar við Brynjólfsgötu. Þar bjóða Vigdís Finnbogadóttir og Jón Atli Benediktsson gestum að ganga í bæinn. Á leiðinni milli húsanna hljóma söngvar frá ýmsum löndum.

Kórarnir sem taka þátt eru:

Háskólakórinn – Stjórnandi Gunnsteinn Ólafsson

Kvennakór Háskóla Íslands – Stjórnandi Margrét Bóasdóttir

Kór tónlistardeildar Listaháskóla Íslands – Stjórnandi Sigurður Halldórsson

Flensborgarkórinn – Stjórnandi Hrafnhildur Blomsterberg

Kór Öldutúnsskóla og Litli kór Öldutúnsskóla – Stjórnandi Brynhildur Auðbjargardóttir

Vox Feminae, Domus Vox og Cantabile – Stjórnandi Margrét Pálmadóttir

Stúlknaþór Reykjavíkur – Stjórnandi Sigríður Soffía Hafliðadóttir

Leikstjóri hátíðardagskrárinnar er **Kolbrún Halldórsdóttir**

og aðstoðarleikstjóri **Orri Huginn Ágústsson**









Veröld – hús Vigdísar

Andrúm arkitektar hafa orðið:

Við hönnun hússins var leitast við að endurspegla viðhorf og gildi Vigdísar er lúta að menningu og sögu, samskiptum og virðingu í sem víðtækastri merkingu.

Handan torgsins kallast Veröld á við gömlu Loftskeytastöðina sem á árum áður gegndi lykilhlutverki í tengslum þjóðarinnar við útlönd. Nú er Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur kyndilberinn, í senn meginstoð alþjóðlegra tengsla á sviði tungumála og framvörður menningar.

Með því að lækka land sunnan megin og mynda þar torg er tekið tillit til nánasta umhverfis á sama tíma og mynduð er augljós og áreynslulaus tenging við Háskólatorg og til framtíðar við aðrar byggingar á háskólalóðinni.

Jafnframt horfir byggingin innávið og hverfir alla meginþætti hinnar fjölbreyttu starfsemi um opið rými sem nær hnitmiðað til allra hæða og allra deilda, *færir okkur nær hvert öðru, færir okkur saman*, svo að vísað sé til orða Vigdísar. Þannig hefur, þegar allt kemur til alls, tekist að samþætta öll þau krefjandi hlutverk sem tungumálamiðstöðinni er ætlað að rækja.

Eins og góðum granna sæmir, þá sýnir byggingin umhverfinu tillit á þann hátt að dregið er úr umfangi með því að fella drjúgan hluta starfseminnar að landi á jarðhæð, mót nýju suðurtorgi. Frá torginu er sterk tenging í austur, um göng undir Suðurgötu, að Háskólatorgi.

Á torginu stendur fulltrúi Vinaskógar, tré valið af Vigdísi úr skóginum góða í Þingvallasveit. Greipt í stein umhverfis Vinatréð er listaverk – greinar sem kvíslast – tákmynd um sögu tungumálanna mótuð í eir.



Innri tengsl og skipulag

Við hönnun byggingarinnar var lögð áhersla á innbyrðis tengsl svæða, jafnt innan hverrar hæðar sem og á milli hæða. Slík tengsl fást m.a. með því að nýta hið mikla opna rými, Miðjuna, til sjónrænna og huglægra tenginga. Stigar og brýr tengja þætti starfseminnar líkt og brúað sé bil menningarheima með tungumálinu sjálfu. Víð sýn er um bygginguna og fögur útsýn frá henni.

Jarðhæð

Á jarðhæð er hin nauðsynlega tenging við Háskólatorg með tilkomu tengigangs undir Suðurgötu. Miðjunni tengjast fyrirlestrasalur og stærstu kennslustofur. Þar er einnig kaffistofa sem opnast á góðum dögum út á torgið.

1. hæð

Þegar komið er inn um aðalinngang úr vestri blasir fyrirlestrasalurinn við í ofanbirtu hins opna rýmis. Beint af augum er Vigdísarstofa, sem tengist opna rýminu, auk þess sem hún hefur suðursvalir yfir torgið sem geta nýst við útiviðburði. Svalirnar minna einnig á fræga mynd af Vigdísi og dóttur hennar, Ástríði, sem tekin var á svölunum við heimili þeirra morguninn eftir sögulega kosninganótt árið 1980. Upplýsinga- og fræðslusetrið hentar vel fyrir margmiðlun og er staðsett við innganginn. Fyrirlestrasalurinn er hannaður með framúrskarandi hljómburð að leiðarljósi og þar hefur verið hugað sérstaklega að staðsetningu og aðstöðu túlka. Meðalstórar kennslustofur liggja að norður- og vesturhlið.

2. hæð

Heimasvæði tungumála, tungumálamiðstöð og gagnasafn liggja að opna rýminu á annarri hæð. Þar eru einnig minni kennslustofur, sem geta nýst sem fundarherbergi, skrifstofur, rannsóknastaða og lesrými nema.

3. hæð

Skrifstofur starfsfólks setja meginsvip á efstu hæðina. Þar er skrifstofa Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar fyrir miðju, samastaður starfsfólks með aðgengi að suðursvölum og fundarherbergi.





Yfirbragð

Hönnunin byggist á hugmyndum um sjálfbærni og vistvæna aðferðafræði í anda umhverfisstefnu Háskóla Íslands og er sérstaklega hugað að aðgengi fyrir alla með algildri hönnun. Þá hefur öll hönnun miðast við að byggingin standist vottunarkröfur samkvæmt BREEAM-staðli.

Við hönnun hússins var höfð ströng kostnaðargát svo að heildarkostnaður við bygginguna yrði hóflegur og hagkvæmni í rekstri tryggð.

Steyptir útveggir með sjónsteypuáferð, ásamt súlum og steypum gólfplötum og stigum, eru áberandi. Að utan er húsið klætt lerkistöfum sem fá að grána með tímanum og er stór hluti lerkisins úr íslenskum nytjaskógi. Sérstaklega hefur verið hugað að hljóðhönnun í öllum rýmum. Gólf jarðhæðar og 1. hæðar eru steipt með terrazzo-áferð.

Með byggingunni er Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum búin viðeigandi umgjörð og vettvangur til að örva áhuga fólks á tungumálum og menningu.



Húsgögn

Vel er hugað að vinnuaðstöðu allra sem í húsinu starfa. Þá var haft að leiðarljósi að velja íslenska húsgagnahönnuði í bland við erlenda. Má þar nefna alla stóla í kennslurýmum og gestastóla á skrifstofum sem eru hannaðir af Guðmundi Lúðvík Grétarssyni og Hee Welling en stólar í veitingasölu af Sveini Kjarval. Þá studdu Epal og One-collection á veglegan hátt við bygginguna með því að útvega húsgögn eftir danska arkitektinn Finn Juhl á afar sanngjörnu verði, en hin léttu og þokkafullu form hönnunar hans spila einstaklega vel við formfræði hússins.

Listskreytingar

Byggingarnefnd hússins skipaði þriggja manna ráðgjafahóp sem átti að verða nefndinni til ráðgjafar um aðferð við val á listamönnum og listaverkum, sem og við framtíðarskipan listskreytinga í byggingunni. Ráðgjafahópin skipuðu þau Auður Ólafsdóttir, f.h. Háskóla Íslands, Steinþór Kári Kárasón, f.h. Listskreytingasjóðs, og Kristján Garðarsson, f.h. arkitekta.

Niðurstaða ráðgjafahópsins var að velja þrjá listamenn og fá þá til að bregðast við byggingunni hvern á sinn hátt, með tungumál og þýðingar að leiðarljósi. Valdar voru tvær konur og einn karl, tveir Íslendingar og einn útlendingur og fólk af þremur kynslóðum.

Stærsta verkið, sem er eftir Lawrence Weiner, er á stórum vegg við stiga norðan megin í byggingunni, verk Margrétar Blöndal er í tengigangi undir Suðurgötu og listskreyting Örnú Ottarsdóttur er í fyrirlestrasal.

Lawrence Weiner er fæddur 1942. Hann er einn þekktasti samtímamyndlistarmaður heims, brautryðjandi á sviði konseptlistar áttunda áratugarins og þekktur af textaverkum sem eru burðarás í hugmyndafræði hans. Þar gegnir „þýðingin“ lykilhlutverki, þ.e. yfirfærsla merkingar annars vegar milli tungumála og hins vegar milli ritmáls (texta) og myndmáls. Weiner vinnur verk sín með hliðsjón af staðsetningu hverju sinni og tengslum við eðli og starfsemi viðkomandi staðar.

Margrét H. Blöndal er fædd 1970 og hlaut myndlistarmenntun sína í Listaháskóla Íslands en einnig í Bandaríkjunum. Margrét er í framvarðasveit íslenskra samtímamyndlistarmanna og hefur skapað sér sérstöðu með heimspekilegum verkum sem byggjast á upphöfnum, ljóðrænum hversdagsleika og hinu kvenlæga.

Arna Óttarsdóttir er fædd 1986 og hefur á skömmum tíma vakið athygli sem einn frumlegasti myndlistarmaður yngri kynslóðarinnar hér á landi. Arna hefur í verkum sínum unnið með ýmsa miðla og haustið 2016 sýndi hún m.a. veggteppi sem vöktu mikla hrifningu og athygli.

Samtal

Dialogue

„Mest fagnaðarefni hefur það jafnan verið að finna hve mikinn stuðning þau hugðarefni, sem ég hef borið næst hjarta, hafa hlötið hjá þjóðinni, þau mál sem ég freistast stundum til að nefna „yrkjurnar“ mínar og snúast um rektun lýðs og lands: mályrkju, mannyrkju, jarðyrkju sem þjóðyrkju.“

“It has been especially gratifying to feel the support of the nation for the causes that have been closest to my heart – the nurturing of both the people and the land: nurturing of language and the individual, the soil and the nation.”



Vigdís Finnbogadóttir

Vigdís Finnbogadóttir er fædd í Reykjavík 15. apríl 1930. Hún var fyrsta kona Íslands og fyrsta kona Evrópu sem varð forseti. Hún varð forseti Íslands frá 1980 til 1996. Hún varð forseti Evrópu-Parlamentsins frá 1996 til 2001. Hún varð forseti Alþingis frá 2001 til 2007. Hún varð forseti Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur frá 2007 til 2013. Hún varð forseti Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur frá 2013 til 2019. Hún varð forseti Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur frá 2019 til 2025.

...sýlda mála
...markmið þróun
...ummar future awaren
...past objectives freed
...ty - umjarn heidam
...ship þeir
...language call
...gruski jafnrétti
...e human rights vitnes
...honesty heritage hea
...ledness heilbrigði vís
...vledge mannréttindi d

Störf og hugðarefni Vigdísar Finnbogadóttur
—
Vigdís Finnbogadóttir's work and causes

Samtal – Sýning um störf og hugðarefni Vigdísar Finnbogadóttur

SAMTAL - DIALOGUE er opunarsýningin í Veröld – húsi Vigdísar, þar sem fjallað er í máli og myndum um störf og hugðarefni Vigdísar Finnbogadóttur.

Sagt er frá námsárum Vigdísar erlendis og starfi

hennar sem frönskukennari, leiðsögumaður og síðar leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur 1972–1980. Gerð er grein fyrir fjölbreyttu hlutverki hennar sem forseti Íslands árin 1980–1996 og öllu því góða starfi sem hún hefur unnið eftir að forsetatíð lauk, m.a. sem velgjörðarsendiherra tungumála á vegum UNESCO – mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sem öflugur liðsmaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Í sýningunni fáum við jafnframt innsýn í hugðarfeni Vigdísar, sjáum nokkrar eftirlætisbækur hennar, tilvitnanir og kvæði og getum fylgst með vexti Vinaskógar í Þingvallabjörggarði, sem stofnaður var henni til heiðurs. Gestir eru hvattir til að taka beinan þátt í samtalinu við Vigdísi, setjast á bláu leikhússtólana og hugleiða hugtök á borð við *heiðarleiki*, *mannréttindi*, *menning*, *þekking*, *jafnrétti*, *tungumál*, *framfarir*, *víðsýni* og *menntun*.

Bækur á sýningunni eru í eigu Vigdísar Finnbogadóttur sem góðfúslega lánar þær meðan á sýningunni stendur.

Sýningin er unnin í samráði við Auði Hauksdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Ástríði Magnúsdóttur.

Sýningarstjórn / hönnun: Þórunn S. Þorgrímsdóttir; ritstjórn / höfundur sýningartexta: Bryndís Sverrisdóttir; grafísk hönnun: Salbjörg R. Jónsdóttir; lýsingarhönnun: Páll Ragnarsson; þýðing: Anna Yates; heimasíða / öflun myndefnis: Valgerður Jónasdóttir; hönnun skjáturana: Ingibjörg J. Sigurðardóttir; myndband úr Vinaskógi: Nanna H. Grettisdóttir; brot úr kvikmyndinni *Ljós heimsins*: Ragnar Halldórsson; innréttingasmíð: Víglundur Möller Sívertsen; tækniráðgjöf: Jakob Kristinsson; andlitsmynd af Vigdísi: Nanna Bisp Bürchert.

Kostun sýningar: ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Seltjarnarnesbær, Íslandsstofa, Íslandsbanki, Isavia, Eimskip, Landsbankinn, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Toyota á Íslandi, Hótel Holt, Exton og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.



Heimasíða Vigdísar Finnbogadóttur

Heimasíðan vigdis.is var opnuð 19. júní 2009 af þáverandi forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur. Frumkvæði að verkefninu kom frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, þáverandi utanríkisráðherra, sem fól Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að hafa umsjón með hönnun vefjarins, en utanríkisráðuneytið styrkti heimasíðugerðina. Í tilefni af 100 ára kosningarréttarafmæli kvenna árið 2015 var ákveðið að gera gagngerar breytingar á vefnum, m.a. að auka efni hans og birta það á fleiri tungumálum. Illugi Gunnarsson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, opnaði heimasíðuna endurgerða við hátíðlega athöfn í janúar 2016.

Á alþjóðadegi kvenna sama ár afhenti Creditinfo stofnuninni safn fjölmiðlaefnis um Vigdís, m.a. greinar, fréttæfni og aðra umfjöllun í prentmiðlum á löngu tímabili. Við sama tækifæri tilkynntu Íslandsbanki, Veritas Capital og Pfaff um myndarlega styrki til að mæta kostnaði við að koma efninu á tölvutækt form og gera það aðgengilegt á vigdis.is. Enn fremur átti að verja styrkjunum til að leita uppi og festa kaup á myndefni til birtingar á vefnum. Á alþjóðadegi kvenna 2017 tilkynnti Íslandsbanki um frekari styrk til þessa verkefnis. Efni heimasíðunnar hefur nú verið aukið til mikilla muna og er það aðgengilegt í Vigdísarstofu, ásamt ítarefni um líf og störf Vigdísar. Valgerður Jónasdóttir, grafískur hönnuður, hefur haft umsjón með þessu viðamikla verkefni.



Sérútgáfa bókarinnar

Tungumál ljúka upp heimum

Á merktum tímamótum árið 2010 gáfu 27 íslenskir höfundar Vigdísí Finnbogadóttur texta með hugleiðingum sínum um tungumál í von um að draumur hennar um alþjóðlega tungumálamiðstöð mætti rætast. Fyrir fádæma samstöðu um verkefnið og liðveislu fjölmargra hefur draumur Vigdísar nú orðið að veruleika.

Í tilefni af víslu nýbyggingar tungumálanna, Veraldar, og formlegri opnun *Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar* er bókin *Tungumál ljúka upp heimum. Orð handa Vigdísí* prentuð á ný, kostuð af Prentsmiðjunni Odda. Allur ágóði af sölu bókarinnar rennur til verkefna á vegum Vigdísarstofnunar.

Rithöfundarnir eru: *Andri Snær Magnason, Auður Jónsdóttir, Auður Ava Ólafsdóttir, Árni Bergmann, Bragi Ólafsson, Einar Már Guðmundsson, Eiríkur Guðmundsson, Eiríkur Örn Norðdahl, Friðrik Rafnsson, Gerður Kristný, Guðbergur Bergsson, Guðrún Eva Mínervudóttir, Hermann Stefánsson, Jón Kalman Stefánsson, Kristín Marja Baldursdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Matthías Johannessen, Njörður P. Njarðvík, Oddný Eir Ævarsdóttir, Pétur Gunnarsson, Rúnar Helgi Vignisson, Sigurbjörg Þrastardóttir, Sigurður Pálsson, Steinunn Sigurðardóttir, Sölvi Björn Sigurðsson, Thor Vilhjálmsson og Vigdís Grímsdóttir. Ritstjóri bókarinnar er Auður Hauksdóttir og Uggi Jónsson las próförok.*

Tungumál ljúka upp heimum

Orð handa Vigdísí

Útgáfan *Heiman og heim*

Vigdísarstofnun er ætlað að vekja athygli á mikilvægi þýðinga og hvetja til þýðingarannsókna. Því hefur verið ákveðið að gefa út greinasafn um verk og þýðingar Guðbergs Bergssonar á fyrsta starfsári alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Heiti ritsins verður *Heiman og heim* og kemur það til með að innihalda greinar um skáldskap og þýðingar Guðbergs eftir innlenda og erlenda rithöfunda og fræðimenn, þ. á. m. nokkra af lykिल्ýðendum íslenskra bókmennta á meginlandi Evrópu. Bókin verður gefin út í ritstjórn Birnu Bjarnadóttur, sérfræðings í verkum Guðbergs, sem jafnframt ritar inngang. Bókin verður gefin út í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag. Grindavíkurbær og fyrirtækið Þorbjörn í Grindavík hafa lagt fram fé til að mæta hluta kostnaðar við útgáfuna.

Samstarf við Vesturheim

Í tilefni af opnun Vigdísarstofnunar hefur verið komið á fót styrktarsjóði við Háskóla Íslands í nafni Stephans G. Stephanssonar. Markmiðið með sjóðnum er að stuðla að rannsóknasamstarfi fræðimanna á Íslandi og í Vesturheimi á sviði innflytjendabókmennta. Vonir standa til að hægt verði að koma á fót kennslu- og rannsóknarstöðu við stofnunina í minningu íslenskra skálda í Vesturheimi. Ásamt konu sinni „Adriönu, hefur Stephan Vilberg Bendiktson, búsettur í Mexíkó, lagt til stofnfé sjóðsins í minningu afa síns, Stephans G. Stephanssonar. Þá hafa hjónin Heather Alda og William Ireland frá Breskú-Kólumbíu í Kanada og hjónin Moorea og Glen Grey frá Alberta í Kanada lagt fé í sjóðinn.



Gjafir

Haustið 2016 færðu bræðurnir Guðmundur Andri og Örnólfur Thorssynir stofnuninni að gjöf viðamikla safn föður þeirra, Thors Vilhjálmssonar rit höfundar, af erlendum bókum. Safnið hefur að geyma margar af helstu perlum heimsbókmenntanna, einkum evrópskra samtímabókmennta. Þessi rausnarlega bókagjöf eins virtasta rit höfundar Íslendinga á síðari tímum og mikilvirks þýðanda erlendra bókmennta á íslensku er stofnuninni mikils virði. Stefnt er að því að efna til sýningar um bókagjöfina og gera bækurnar aðgengilegar síðar á árinu 2017.

Systkinin Elísabet, Kristín, Eiríkur og Vilhjálmur, börn Bjarna Vilhjálmssonar, fv. þjóðskjalavarðar, gáfu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur nokkrar fágætar bækur úr safni föður síns í byrjun árs

2015. Meðal þeirra eru bæði hefti orðabókar Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal frá árinu 1814, *Lexicon islandico-latino-danicum* í ritstjórn R.K. Rasks, og tímamótaverk R.K. Rasks *Vejledning til det islandske eller gamle nordiske sprog*, sem kom út í Kaupmannahöfn árið 1811.

Sama ár gaf Guðný Ýr Jónsdóttir, ekkja Sigfúsar Daðasonar skálds, stofnuninni dýrmætar bækur úr safni Sigfúsar, annars vegar heildarútgáfu La Pléiade-bókaflokks Gallimard-bókaútgáfunnar á heildarsafni Marcel Proust, *A la recherche du temps perdu*, og hins vegar safn franskra ljóða frá 16. öld, *Poètes du XVIème siècle*, frá sömu bókaútgáfu.

Eftirlifandi eiginmaður Sigrúnar Tryggvadóttur Rockmaker þýðanda í Bandaríkjunum færði stofnuninni myndarlega bókagjöf úr safni hennar árið 2014. Meðal bókanna eru bæði fræðibækur og fagurbókmenntir, fallega innbundnar.



Hjónin Jón Friðjónsson, prófessor emeritus, og Herdís Svavarsdóttir gáfu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur árið 2013 stórmerka og gullfallega ljósprentaða útgáfu af Biblíu Kristjáns III Danakonungs. Biblían var upphaflega gefin út í Kaupmannahöfn árið 1550 og var fyrsta heildarútgáfa Biblíunnar á danska tungu, og þykir margt líkt með henni og Guðbrandsbiblíu. Enn fremur færðu hjónin stofnuninni Steinsbiblíu að gjöf. Hún var prentuð á Hólum á árunum 1728–1734.

Afkomendur Guðmundar Gíslasonar, yfirbókbindara hjá Ísafoldarprentsmiðju, færðu stofnuninni árið 2014 *Íslenska-danska orðabók* Sigfúsar Blöndal. Bókin er einstaklega fallega inn bundin af Guðmundi Gíslasyni. Sama ár gaf Ásdís Thoroddsen, kvikmyndagerðarkona, stofnuninni *Íslenska-rússneska orðabók*, sem Ríkisútgáfa námsbóka gaf út árið 1962, og faðir hennar, Sigurður S. Thoroddsen, átti og nýtti sér við rússneskunám.

Af öðrum toga er merkileg gjöf Ragnars Halldórs-sonar kvikmyndagerðarmanns sem hann færði stofnuninni árið 2015. Í gjöfinni felst höfundar- og eignarréttur á heimildamyndinni *Ljós heimsins* frá árinu 2001 ásamt kvikmynduðu efni í tengslum við hana. Ragnar var framleiðandi, leikstjóri og höfundur myndarinnar. Hluta hennar má sjá á opnunarsýningunni Samtal.

Að lokum ber að nefna tvær góðar gjafir frá Japan. Í tilefni af 25 ára afmæli Japan-Iceland Association árið 2015 færði félagið stofnuninni að gjöf glerlistaverk. Í tengslum við 60 ára afmæli stjórnmálasambands Japans og Íslands árið 2016 sótti japanska þingkonan Shinako Tsuchiya, formaður Vináttufélags Japans og Íslands á þinginu, Ísland heim. Í heimsókn sinni afhenti hún Vigdís Finnbogadóttur einstaka gjöf til stofnunarinnar – forkunnarfallegar handgerðar japanskar brúður. Mikil vinátta var með Vigdís og föður Shianko, Yoshihiko Tsuchiya, sem á sínum tíma var fylkisstjóri í Saitama og forseti efri deildar japanska þingsins.

Þakkir

Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum þakkar öllum velvildarmönnum sínum, jafnt heima sem heiman, fyrir ómetanlegt liðsinni á undanförunum árum. Án vináttu þeirra og framlags hefði draumurinn um Vigdísarstofnun ekki ræst og Veröld stæði ekki tilbúin til notkunar.

Enn fremur vill stjórnin koma á framfæri þakklæti til Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, og fyrrverandi rektors, Kristínar Ingólfssdóttur, fyrir ómældan stuðning þeirra og hvatningu. Á tímamótum verður stjórninni einnig hugsað með virðingu og þakklæti til Páls heitins Skúlasonar, fv. rektors.

Þá er Guðmundi Hálfðanarsyni, forseta Hugvísindasviðs, og forvera hans, Ástráði Eysteinssyni, þökkuð góð samvinna og stuðningur.

Loks þakkar stjórnin byggingarnefndinni og starfsmönnum hennar, ekki síst formanni byggingarnefndar, Eiríki Hilmarssyni, fyrir mikilsmetið framlag þeirra, ásamt arkitektum hússins og öllum þeim fjölmörgu sem komu að því að hanna og reisa Veröld - hús Vigdísar.

Síðast en ekki síst þökkum við Vigdísi sjálfri fyrir liðveisluna, einstaka vináttu og ómetanlegt framlag.

Um sumarmál 2017

Auður Hauksdóttir

Auður Hauksdóttir

forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

í erlendum tungumálum



STOFNUN
VIGDÍSSAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENÐUM TUNGUMÁLUM



Tungumál ljúka upp heimum

20. apríl 2017